

Sp.

354. Nefndarálit

[37. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna. Eru umsagnir beggja þessara aðila jákvæðar, en jafnframt er þar lagt til, að nefnd sú, sem gert er ráð fyrir í till., verði að mestu skipuð samkv. tilnefningu, en formaður stjórnskipaður. Varð um þetta samkomulag við afgreiðslu málsins í nefndinni. Umsagnar stjórnar Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins var óskað, en barst ekki til nefndarinnar.

Nefndin leggur til, að till. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Fyrri málsgr. tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 7 manna nefnd til að endurskoða lög nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og gera tillögur um breytingar, eftir því sem henni þykir ástæða til. Formaður skal skipaður án tilnefningar, en aðrir nefndarmenn samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags ísl. botnvörpuskipa-eigenda, einn frá hverjum aðila. Nefndin skal sérstaklega gera sér far um að kynna sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum varðandi málið og reynslu þeirra af starfsemi hlutaryggingasjóðs og aflatryggingasjóðs.

Alþingi, 19. marz 1965.

Jón Þorsteinsson,
form.

Matthías Bjarnason,
fundaskr.

Gísli Guðmundsson,
frsm.

Pétur Sigurðsson.

Sverrir Júlíusson.
Ragnar Arnalds.

Kristján Thorlacius.